AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Með orðsendingum dagsettum 10. júlí 1973 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Noregs um heimild fyrir norsk skip til takmarkaðra veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Ofangreindar orðsendingar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. júlí 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ, REYKJAVÍK

10. júlí 1973.

Háttvirti sendiherra.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og Noregs og staðfesti hér með, að eftirfarandi samkomulag náðist milli fulltrúanna:

Samkomulag milli Íslands og Noregs um heimild til fiskveiða innan 50 mílna fiskveiðimarkanna.

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs hafa orðið ásáttar um eftirfarandi raunhæfa tilhögun í sambandi við rýmkun íslenzku fiskveiðilögsögunnar 1. september 1972 úr 12 í 50 sjómílur:

1. Samkvæmt samkomulagi þessu skal veita u. þ. b. 45 skipum, er stunda línuveiðar, allt að 125 fet að stærð, skrásettum í Noregi, leyfi til fiskveiða á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna utan við grunnlínur umhverfis Ísland. Aðiljar byggja á, að ekki séu fleiri en u. þ. b. 30 línuveiðiskip, sem stundi veiðar samtímis. Leyfin skulu veitt í samræmi við eftirfarandi reglur:
   a. Norsk stjórnvöld skulu tilkynna íslenzka sjávarútvegsráðuneytinu nafn, skráningarnúmer og stærð skips, sem óskað er veiðiheimildar fyrir, svo og nafn skipstjóra.
   b. Íslenzka sjávarútvegsráðuneytið veitir skipum, sem í hlut eiga, leyfi til línu- og handfæraveiða. Leyfin eru veitt til 2—4 mánaða í senn, og er heimilt að endurnýja þau.
2. Norsk skip, sem stunda veiðar samkvæmt ofangreindum ákvæðum, skulu hlíta sömu reglum sem íslenzk fiskveiðiskip við sams konar veiðar, og tilkynna skulu þau íslenzkum stjórnvöldum, hvenær veiðar hefjast.
3. Norsk stjórnvöld skulu gefa íslenzka sjávarútvegsráðuneytinu misserislega skýrslur um veiðimagn, sem aflað er á grundvelli ofangreindra ákvæða.
4. Samkomulag þetta haggar í engu sjónarmiðum samningsaðilja um heimild strandríkis til að ákvarða umtak fiskveiðilögsögu sinnar.

5. Hvor aðili um sig getur fellt samkomulag þetta úr gildi með 6 mánaða fyrirvara.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu, leyfi ég mér að leggja til, að samkomulag þetta milli ríkisstjórna Íslands og Noregs gangi í gildi þann dag, er svarbréf yðar er dagsett.

Ég nota þetta tækifæri til þess að fullvissa yður, herra sendiherra, um sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson.

Hr. sendiherra Olav Lydvo,
Norska sendiráðið, Reykjavík.

KGL. NORSK AMBASSADE

Reykjavik, 10. juli 1973.

Herr Utenriksminister.

Jeg har den ære å erkjenne mottakelsen av Deres brev av idag, som i norsk tekst lyder som følger:

„Jeg har den ære å henvise til drøftelser mellom representanter for våre to Regjeringer, og å bekrefte den enighet som er oppnådd mellom de to delegasjoner i følgende form:

Regjeringene i Island og Norge er blitt enige om følgende praktiske ordning i forbindelse med utvidelsen av den islandske fiskerigrense fra 12 til 50 nautiske mil fra 1. september 1972:

1. Etter denne avtale skal det gis tillatelse for ca. 45 linefartøyer av størrelse opp til 125 fot, registrert i Norge, til å drive fiske i området mellom 12 og 50 nautiske mil utenfor Islands grunnlinjer. Partene forutsetter at det ikke vil være fler enn ca. 30 linefartøyer som driver fiske til samme tid. Tillatelsene skal gis etter følgende bestemmelser:
   a. Norske myndigheter skal gi meddelelse til Islands fiskeridepartement om navn, registreringsnummer, størrelse og fører for de fartøyer det gjelder.
   b. Islands fiskeridepartement vil gi tillatelse til fiske med line og håndsnøre for de fartøyer det gjelder. Slike tillatelser gis for et tidsrom av 2—4 måneder, og kan fornyes.
2. Norske fartøyer som driver fiske i henhold til ovennevnte bestemmelser skal følge samme regler som islandske fartøyer under samme slags fiske, og gi melding til islandske myndigheter når fiske påbegynnes.
3. Norske myndigheter skal hvert halvår gi Islands fiskeridepartement oppgave over fangster tatt i samsvar med bestemmelsene ovenfor.
4. Intet i denne avtale skal anses å prejudisere partenes syn på kyststatens adgang til å fastsette utstrekningen av dens fiskerijurisdiksjon.
5. Partene kan hver for seg med 6 måneders varsel bringe denne avtale til opphør.

Dersom Deres Regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at denne ordning skal tre i kraft mellom våre to Regjeringer den dag Deres svarbrev er datert."

Som svar har jeg den ære å meddele at den norske Regjering er enig i ovenstående, og følgelig er innforstått med at Deres brev og dette svarbrev skal utgjøre en overenskomst mellom de to Regjeringer med gyldighet fra dags dato.

Motta, herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Olav Lydvo.

Hans Eksellense
Utenriksminister Einar Ágústsson,
Reykjavik.

Nr. 12. 12. júlí 1973.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara.

Hinn 29. júní 1973 voru utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna afhent aðildarskjöl Íslands að samningnum um að koma í veg fyrir ölöglega töku loftfara, sem gerður var í Haag hinn 16. desember 1970.

Samkvæmt 4. tl. 13. gr. samningsins tekur hann gildi á Íslandi hinn 30. júlí 1973.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júlí 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÓLÖGLEGA TÖKU LOFTFARA

Inngangur:

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

TELJA, að ólöglegar aðgerðir, sem miða að töku eða stjórn loftfara í flugi, stofni í hættu öryggi manna eða eigna, hafi alvarleg áhrif á rekstur flugþjónustu og rýri traust þjóða heims á öryggi flugsamgangna;

TELJA, að slík brot séu mikið áhyggjuefni;

TELJA, að til þess að koma í veg fyrir slíkar aðgerðir, beri brýna nauðsyn til að gera viðeigandi ráðstafanir til að refsa þeim, sem brotlegir gerast, og

HAFA ÞVÍ ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

CONVENTION FOR THE SUPPRESSION OF UNLAWFUL SEIZURE OF AIRCRAFT

Preamble

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION

CONSIDERING that unlawful acts of seizure or exercise of control of aircraft in flight jeopardize the safety of persons and property, seriously affect the operation of air services, and undermine the confidence of the peoples of the world in the safety of civil aviation;

CONSIDERING that the occurrence of such acts is a matter of grave concern;

CONSIDERING that, for the purpose of deterring such acts, there is an urgent need to provide appropriate measures for punishment of offenders;

HAVE AGREED AS FOLLOWS: